

Mál nr. 22/2007

M

og

V-1 v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar R

Ágreiningur um bótaskyldu þegar bifreið var ekið ofan í djúpan poll á Miklubraut í Reykjavík þ.10.12. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.1.2007.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.19/07
3. Lögregluskýrsla dags. 12.12.2007
4. Bréf V-1 dags. 1.2.2007.

Málsatvik.

M segir að dóttir hans hafi ekið ofan í vatnspoll við undirgöng undir Miklubraut við Kringluna sunnudaginn 10.12.2006 en pollurinn hafi myndast vegna mikilla rigninga. M segir að vatn hafi flotið inn í bílinn meðan hann var ofan í pollinum upp að sætum. V-1 segir að ökumaður umræddrar bifreiðar hafi ekið áfram ofan í vatnið í umrætt sinn en það hafi verið óvarlegt að aka lágum bíl áfram ofan í vatnið miðað við þær aðstæður sem voru fyrir hendi. V-1 segir að starfsmönnum R hafi ekki verið kunnugt um að ræsi hafi stíflast vegna þess að laufblöð og rusl hefðu stíflað ræsið. Ekki sé því um sök þeirra að ræða í málinu

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn R beri sök á því að pollur var í umrætt sinn við undirgöng undir Miklubraut við Kringluna. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V-1.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík. 27. 2.2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.